

Ed.

515. Nefndarátt

um frv. til laga um afnám laga nr. 21, 4. júní 1924, og breyting á lögum nr. 58, 30. nóv. 1914. [*Sauðfjárbaðanir*].

Frá landbúnaðarnefnd.

Það mun mega fullyrða, að lagaákvæði þau, er nema á úr gildi með frv. þessu, hafi reynst miður hagkvæm fyrir landbúnaðinn; úr flestum hjeruðum landsins hafa komið óskir um að breyta þeim.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 6. maí 1926.

Eggert Pálsson,
form.

Ágúst Helgason,
fundaskrif. og frsm.

Gunnar Ólafsson.